

Stofnanasamningur

Framsýnar- stéttarfélags og Starfsmannafélags Húsavíkur við Framhaldsskólann á Húsavík um forsendur röðunar starfa við stofnunina.

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs við SGS og Samflot bæjarstarfsmannafélaga frá 2004 og 2005.

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Framhaldsskólanum á Húsavík sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningum SGS eða Samflots, sbr 11. kafla í kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs við SGS(2004) og Samflot bæjarstarfsmannafélaga(2005).

2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaramma og launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, og um þætti er ráða grunnröðun starfa um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Framhaldsskólans á Húsavík er ráðað. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun

Umsjónarmaður I..... lfl. 5

Umsjónarmaður II..... lfl. 10

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. kafli hér að framan um forsendur röðunar.

Vegna breytinga á starfsemi Framhaldsskólans á Húsavík geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 5 hér á eftir.

4 Annað sem áhrif getur haft á röðun starfa til launa

Heimilt er að meta til viðbótar við röðun starfsheita eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess í grunnröðun.

- Hvort starfið sé umfangsmikið/fjölþætt..... 0-1
- Hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð..... 0-1
- Hvort starfið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni 0-1
- Hvort krafist sé sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist..... 0-1

Ennfremur er heimilt að taka mið að öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

5 Mat á þáttum er varða starfsmann

Starfsmaður sem uppfyllir eftirfarandi þætti skal fá þá metna til allt að 8 lfl.

Vægi einstakra þátta:

Endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að 2 lfl.

Eftir 40 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

Eftir 80 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

Menntun umfram grunnkröfur sem nýtist í starfi allt að 2 lfl.

Eftir 1-2 vetra nám komi 1 lfl.

Eftir 3-4 vetra nám komi 1 lfl.

Starfsreynsla 4 lfl

Eftir 1 ár í starfi komi 1 lfl.

Eftir 3 ár í starfi komi 1 lfl.

Eftir 7 ár í starfi komi 1 lfl.

Eftir 12 ár í starfi komi 1 lfl.

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.

6 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. ákvæði 11. kafla kjarasamninga.

7 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamning fjármálaráðherra við SGS og Samflot. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

8 Gildistími

Aðilar eru sammála um að samkomulag þetta taki gildi frá og með 1. ágúst 2011 og fellur eldri stofnanasamningur FSH og Framsýnar, ásamt viðaukum, niður frá sama tíma. Stofnanasamningur STH og FSH/FL frá 29. janúar 2009 heldur gildi sínu, enda tekur hann til starfa sem ekki er fjallað um í samningi þessum.

Húsavík 16. ágúst 2011

F.h. Framhaldsskólans á Húsavík



F.h. Framsýnar- stéttarfélags



F.h. Starfsmannafélags Húsavíkur



Minnisblað
með stofnanasamningi Framsýnar/STH við FSH

Röðun starfsmanna í launaflokka skv. samningnum

Umsjónarmaður I- Þuríður Guðrún Reynisdóttir	Grunnflokkur	10
Hækkanir vegna 5. greinar samnings	Starfsaldur	4
	80 klst námskeið	2
Röðun 1/8 2011		16

Umsjónarmaður II- Hafdís Hallsdóttir	Grunnflokkur	5
Hækkanir vegna 5. greinar samnings	Starfsaldur	x
Röðun 1/8 2011		xx*

*Hvað verður metið af starfsaldri og námi Hafdísar við ráðningu?